

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar“

Flestir landsmenn eru sammála um að bæta þurfi vegakerfið gríðarlega mikið, ekki síst til að fækka slysum og dauðsföllum í umferðinni. Ég tel að landsmenn séu jákvæðir gagnvart veggjöldum ef þau eru útfærð af sanngirni og með jafnræði gagnvart öllum bifreiðaeigendum og -notendum í huga en ekki bara sumra, veggjöld hafa sannað sig hérlandis.

Umrædd veggjöld eru bara enn ein skattlagningin, skattlagning sem leggst hvað mest á okkur á höfuðborgarsvæðinu og á nærsveitunga okkar (Suðurnesin, Akranes, Borgarfjörð, Hveragerði, Selfoss og Þorlákshöfn).

- 1) Er upphæðin sem fer árlega í vegaf framkvæmdir núna, meiri eða minni en skatttekjur af bifreiðum?
- 2) Skatttekjur af bifreiðum á að standa undir vegaf framkvæmdum að megninu til, helst alveg. Ef núverandi gjöld standa ekki undir vegaf framkvæmdum þá þarf væntanlega að hækka eyrnamerktu skattana. Þessi skattur á að standa undir því sem hann er eyrnamerktur, hann á hins vegar EKKI að fara í eitthvað annað. Ef hækka þarf skattinn þá veit almenningur hvað það kostar að eiga bifreið og tekur ákvörðun hvort það borgar sig eða ekki.
- 3) Borgaður er skattur til ríkisins með bensín- og bifreiðagjöldum (og núna líklega veggjöldum) en hvað fá sveitarfélögin? Vegakerfi innan þéttbýlis eru líklega meira notuð en þjóðvegirnir en samt fær ríkið allan tekjustofninn af bifreiðum, er það eðlilegt?
- 4) *“Innheimtu þeirra verði hætt um leið og framkvæmdirnar verða greiddar upp að fullu”*? Trúa flutningsmenn tillögunnar þessu? Gjaldið mun væntanlega halda áfram undir formerkjum viðhalds eða endurbóta?
- 5) *“Gjaldtaka á þremur megin stofnæðum, þ.e. Reykjanesbraut að Keflavíkurlflugvelli, Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi, út frá höfuðborgarsvæðinu”* Gjald sem innheimtist við að keyra inná og útaf höfuðborgarsvæðinu fer í að byggja upp stofnæðarnar þrjár, en hversu langt? 50-100 km út frá höfuðborgarsvæðinu? Hvað svo? Þegar þessar stofnæðar verða “fullbúnar” mun þá gjaldið falla niður eða munum við halda áfram að borga fyrir 150 km út frá svæðinu og svo fyrir 200 km út frá svæðinu og svo koll af kolli?
- 6) Hvar verða gjaldstöðvarnar fyrir stofnæðarnar út frá höfuðborgarsvæðinu staðsettar? Verða þær einungis í útjaðri höfuðborgarsvæðisins? Ef svo er, þá er það afar ósanngjarnt. Höfuðborgarbúi á leið t.d. upp í Bláfjöll borgar veggjald en Selfyssingur á leið þangað sleppur við veggjaldið. Ef þetta er útfærslan þá lendar gjaldið sem á að fjármagna Suðurlandsveginn ósanngjarnt á höfuðborgarbúum.
- 7) Hvað mun kosta að fara í svona gjaldtöku þ.e. tækjakaup, uppsetning, viðhald og annað utan umhald? Þrjár gjaldstöðvar í kringum höfuðborgarsvæðið, jarðgöng, stærri brýr og önnur samgöngumannvirki. Þetta eru orðnar nokkuð margar gjaldstöðvar sem væntanlega munu kosta sitt. Voru ekki settir upp hraðamyndavélakassar hingað og þangað um árið en vegna fjárskorts eru ekki myndavélar í þeim öllum, þó er öruggt að svona myndavél margborgar sig í auknu umferðaröryggi og innheimtu hraðasekta?
- 8) Hve há munu veggjöldin verða? Lægstu gjöld verða á bilinu 100-150 kr. gætu endað í 130-140 kr. segir Jón Gunnarsson. Ráðamönnum gengur því miður afar illa að láta kostnaðartölur og rauntölur stemma, dæmin um það eru ansi mörg. Ef ég man rétt þá var talað um c.a. 800 kr. í upphafi fyrir Vaðlaheiðargöngin, síðan rétt fyrir opnun var upphæðin komin í 1.200 kr. en við opnun þá kostar 1.500 kr. í göngin.
- 9) *“Ákveðnar leiðir á landsbyggðinni sem stytta vegalengdir verði fjármagnaðar með blandaðri fjármögnun; að hluta til með fjárframlögum af samgönguáætlun og að hluta til með lántöku sem verði greidd upp með gjaldtöku”*. Höfuðborgarbúar og nærsveitungar borga fyrir “sínar” vegaf framkvæmdir með veggjöldum og borga einnig skatta

- til að standa undir framkvæmdum annars staðar. Ég geri mér alveg grein fyrir að fámennar byggðir eiga erfitt með að fjármagna vegaf framkvæmdir í sínu nærumhverfi eingöngu með veggjöldum en eigum við hin að gjalda þess með aukaskatti vegna fólksfjölda?
- 10) JÁ-fólk veggjalda telur þetta einfalt mál og nota rök eins og “*þeir borga sem nota, eðlilegasti hlutur*” eða “*ef þú vilt ekki borga þá ferðu aðra leið, eðlilegasti hlutur*”. Það er ekki hefð að innheimta veggjald af notkun vega héraendis. Ef menn vilja fara þessa leið er þá ekki “eðlilegasti hlutur” að setja veggjald á alla aðalvegi landsins en ekki bara suma? Þá er hægt að nota rökin “*þeir borga sem nota eða fara aðra leið*”, í framhaldi væru skattar á bifreiðar lækkaðir eða felldir niður.
- 11) Nefndin talar um að finna þurfi nýjan tekjustofn vegna breytinga á orkugjöfum. Breyting á orkugjöfum er allt önnur umræða, það gjald leggst væntanlega á alla bifreiðaeigendur og -notendur en ekki bara suma.

*Kær kveðja,
Búi Guðmundsson
Klukkanima 8, 112 Rvk.*